

Nd.

547. Frumvarp til laga

[276. mál]

um kauptryggingarsjóð.

Flm.: Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist kauptryggingarsjóður, og skal það vera hlutverk sjóðsins að tryggja launamönnum skaðlausa greiðslu ógoldinna vinnulauna, enda þótt launagreiðandinn verði ógjaldfær eða bú hans tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

2. gr.

Hver launamaður, sem á réttmæta launakröfu á hendur atvinnurekanda sínum, skal eiga þess kost gegn framsali að fá vangoldna launakröfu sína ásamt útlögðum kostnaði við heimtu hennar greidda úr kauptryggingarsjóði, þegar svo er ástætt sem hér segir:

- a) ef bú launagreiðandans hefur verið tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar og skiptaráðandi úrskurðað launakröfuna réttmæta, sbr. 3. gr.;
- b) ef launakrafan hefur verið gerð aðfararhæf með dómi, úrskurði eða sátt, en launagreiðandinn reynzt ógjaldfær, enda þótt bú hans hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, sbr. 4. gr.

Nú hefur stjórn kauptryggingarsjóðs greitt launamanni ógoldna vinnulaunakröfu samkvæmt lögum þessum og fengið kröfuna framselda, og gengur þá kauptryggingarsjóður inn í öll réttindi, þar með talin forgangsréttindi í þrotabúi launagreiðanda, sem byggð verða á kröfunni, sbr. 5. gr.

3. gr.

Nú á launamaður launakröfu á atvinnurekanda og er hún ógreidd, þegar bú atvinnurekandans er tekið til gjaldþrotaskipta, og er þá launamanni rétt að lýsa vinnulaunakröfu sinni í þrotabúið og fá innan tveggja mánaða, frá því að skipti hófust, úrskurð skiptaráðanda um lögmæti kröfunnar gagnvart þrotamanni og skuldheimtumönnum hans. Að þessum úrskurði gengnum skal stjórn kauptryggingarsjóðs innan eins mánaðar, frá því að ósk um það er sett fram, greiða launamanni kaupkröfuna gegn framsali samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Nú hefur atvinnurekandi stöðvað greiðslu launa, og er þá launamanni rétt að gera ógoldin vinnulaun sín aðfararhæf, svo sem lög standa til. Að því gerðu er stjórn kauptryggingarsjóðs heimilt, ef launamaður óskar þess, að greiða kaupkröfuna gegn framsali. Það er rík ástæða til að nota heimild þessarar greinar, ef stjórn kauptryggingarsjóðs verður þess áskynja, að greiðslustöðvun launa stafar af almennri ógjaldfærni launagreiðandans, sem mun leiða til gjaldþrots.

5. gr.

Þar sem í lögum þessum er rætt um vinnulaunakröfur taka ákvæðin einnig til aflahlutar, fæðispeninga, greiðslu fyrir ákvæðisvinnu, orlofs, svo og til greiðslu í sjúkrasjóði, orlofsheimilissjóði og lífeyrissjóði stéttarféлага. Allar þessar kröfur skulu hafa forgangsrétt í þrotabúi launagreiðanda samkvæmt 5. tölulið b-liðar 83. gr. skiptalaga, nr. 3 frá 12. apríl 1878.

6. gr.

Kauptryggingarsjóður heyrir undir félagsmálaráðuneytið, og skipar það sjóðnum stjórn til fjögurra ára í senn. Í stjórn sjóðsins skulu vera 3 menn, einn skipaður samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn skipaður samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, en oddamaður án tilnefningar og er hann formaður stjórnarinnar. Úr sjóðnum skal greiða allan kostnað af rekstri hans og starfsemi, þar með talin laun stjórnarmanna, sem ráðherra ákveður. Félagsmálaráðuneytið setur í reglugerð nánari fyrirhætti um efni það, sem lög þessi taka til.

7. gr.

Fjár skal aflað í kauptryggingarsjóð með þeim hætti, að allir þeir, sem laun greiða, skulu greiða árlegt iðgjald í sjóðinn, sem nemur 0.5% af heildarlaunagreiðslum þeirra yfir árið, og skulu skattstjórnarar, hver í sínu umdæmi, reikna út iðgjaldið eftir innsendum launamiðum og leggja það á, en innheimta þess fer fram með hinni almennu skattheimtu. Auk þessa verða tekjur kauptryggingarsjóðs greiðslur upp í forgangsréttarkröfur sjóðsins úr þrotabúum launagreiðenda svo og vaxta-tekjur af innistæðu sjóðsins á hverjum tíma.

8. gr.

Nú hrökkva samanlögð iðgjöld ekki fyrir greiðslum samkvæmt lögum þessum, og er þá stjórn kauptryggingarsjóðs heimilt að taka innlent bráðabirgðalán og skal ríkisábyrgðarsjóður ábyrgjast þá lántöku.

9. gr.

Kauptryggingarsjóður hefur sérstakan fjárhag og bókhald. Birta skal ársreikninga sjóðsins í B-deild Stjórnartíðinda, enda hafi þeir verið endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

10. gr.

Lög þessi taka gildi hinn 1. jan. 1972, og skulu iðgjöld ársins 1972 álögð eftir launamiðum, sem launagreiðendur senda skattfyrirvöldum vegna launagreiðslna á árinu 1971.

Greinargerð.

Það hefur margsinnis komið í ljós, að lagaákvæði um forgangskröfur launa í sambandi við greiðslubrot eða gjaldbrot atvinnurekenda standast engan veginn í verki hér á landi. Til þess kemur árlega, að launamenn tapa háum upphæðum af þessum ástæðum; er þar oft um að ræða verkafólk, sem hefur ekki efni á að gefa vinnu sína á þennan hátt, og geta þá vanefndir á greiðsluskyldu valdið mjög þungbærum fjárhagsörðugleikum. Komið hefur fyrir, að margir tugir manna hafa ekki fengið eyri greiddan af launakröfum sínum, þótt þær næmu tugum þúsunda hjá hverjum. Mun mega nefna dæmi þess, að verkafólk hafi tapað vinnulaunum, sem námu yfir 2 milljónum hjá einu og sama fyrirtæki. Síðustu dagana hefur í blóðunum verið minnt á gjaldbrot verktaka, sem tók að sér að reisa orlofsheimili verkafólks í Ólfusi, en varð gjaldbrota og gat ekki staðið skil á vinnulaunum. Er þar að sjálfsögðu um sérstaklega viðkvæmt dæmi að ræða, þar sem verið var að vinna verk í þágu alþýðusamtakanna.

Þessi skipan sæmir ekki í þjóðfélagi, þar sem gerðar eru kröfur um öryggi í félagsmálum, og ætti það að vera bæði verkalyðssamtökum og atvinnurekendum kappsmál, að úr yrði bætt. Er frumvarpi þessu ætlað að koma á þeirri skipan, að launamenn eigi ævinlega tryggingu fyrir launagreiðslum. Er lagt til, að stofnaður verði sérstakur kauptryggingarsjóður í því skyni og fái hann í tekjur frá atvinnurekendum hálfan þúsundasta af árlegum vinnulaunum. Launamenn eigi síðan rétt á greiðslum úr sjóðnum, þegar um vanefndir er að ræða, samkvæmt reglum þeim, sem í frumvarpinu felast. Hér er sem sé um að ræða eins konar samábyrgðarsjóð atvinnurekenda til þess að tryggja örugga greiðslu á vinnulaunum; árgreiðsla hvers og eins verður ekki tilfinnanleg, en heildartekjurnar ættu að mati flutningsmanna að nægja til þess, að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum. Ákvæðunum um iðgjald væri raunar hægt að breyta síðar í samræmi við fengna reynslu.

Sú skipan, sem hér er gerð tillaga um, er í meginatriðum í samræmi við lög, sem sett voru í Svíþjóð í árslok 1970, og var þeirri lagasetningu bæði fagnað af launamönnum og atvinnurekendum. Frumvörp um hliðstæða skipan liggja nú fyrir þjóðþingum annarra Norðurlanda. Fyrir síðasta þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var í Kaupmannahöfn í febrúar í ár, lá tillaga, þar sem skorað var á ríkisstjórnir allra Norðurlanda að tryggja í verki, að laun yrðu greidd með fullum skilum, þótt atvinnurekandi yrði gjaldþrota. Þessi áskorun var samþykkt einróma á þinginu, einnig af fulltrúum Alþingis.